

Byltingarárin 1945–1970

Upprifjun á myndhverfingum – sjá kafla um stílbrögð í bókmenntasögu.

Algengt er að nemendur ruglist á hugtökunum viðlíkingu og myndhverfingu. Þá er oft algengt hjá nemendum að nota „myndlíkingu“ yfir hugtakið myndhverfingu.

Hér er eitt létt verkefni sem gæti hjálpað til að eyða þessum leiða misskilningi.

Finndu allar myndhverfingar sem ljóðið geymir og útskýrðu.

Geimflugar

Þær eru geltandi hundar
sem geysast í veg fyrir tunglið:
fölgyllta sylgju næturinnar
fornvin þeirra sem elska.

Þær eru krepptur hnefi
kynslóðar minnar
sem hún slöngvar út í tómið
í togstreitu sinni við guð.

Þær eru floti Kólumbusar
á fagurbúinni siglingu
burt frá jörð
út til blikandi stjarnanna.
(Hannes Pétursson)